



Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Sími 480 5550
www.utu.is

**Vegagerðin
Suðurhrauni 3
210 Garðabæ**

Laugarvatni, **16. ágúst 2023**

Tilvísun: 2302007 SOS

Efni: Laugardælur L166253; Nýr hringvegur um Ölfusá; Framkvæmdarleyfi

Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps þann 26. apríl 2023 var tekin fyrir umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir nýjan hringveg um Ölfusá. Fékk málið eftirfarandi afgreiðslu:

Fyrir liggur að nýju umsókn frá Vegagerðinni er varðar útgáfu framkvæmdaleyfis. Um er að ræða leyfi vegna nýs hringvegar um Ölfusá frá hringtorgi við Biskupstungnabraut að núverandi hringvegi austan Gaulverjabæjarvegar í takt við framlagða umsókn. Markmið framkvæmdarinnar er aukið umferðaröryggi með aðskilnaði akstursstefna, fækkun tenginga og færslu þjóðvegumferðar út fyrir þéttbýlið á Selfossi. Þá er verið að styrkja vegakerfið með nýrri brú á Ölfusá sem mun beina þungaumferð af núverandi brú á Ölfusá sem hefur takmarkaða burðargetu. Lögð er fram greinargerð vegna útgáfu framkvæmdaleyfis í samræmi við 10. og 12. gr. reglugerðar 772/2012 um framkvæmdaleyfi og 3. mgr. 27. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, þar sem tiltekið er að leyfisveitandi skuli taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis þar sem gerð er rökstudd grein fyrir samræmi við niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Framkvæmdaleyfi skal bundið eftirfarandi skilyrðum í takt við framlagða greinargerð:

- Framkvæmdin skal unnin í samræmi við fyrirliggjandi gögn. Leyfishafa er skylt að óska samþykkis leyfisveitenda fyrir breytingum á framkvæmdinni.
- Leyfishafi skal fylgja gildandi skipulagi við framkvæmdirnar.
- Leyfishafi skal fylgja nauðsynlegum mótvægisáðgerðum og áætlunum um vöktun til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið og til að tryggja öryggi. Sjá samantekt mótvægisáðgerða, vöktunar og frágangs innan framlagðrar greinargerðar.
- Leyfishafi skal afla annarra nauðsynlegra leyfa fyrir framkvæmdinni.
- Leyfi Fiskistofu til framkvæmda sem geta haft áhrif á fiskgengd, samnær 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Með umsókn framkvæmdaraðila um leyfi til framkvæmda við ár og vötn skulu fylgja álit viðkomandi veiðifélags þegar það á við og umsögn sérfræðings á sviði veiðimála um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lífríki veiðivatns. Fyrir liggur leyfi Fiskistofu í bréfi dags. 2. febrúar 2023, umsögn Hafrannsóknastofnunar dags. 26. október 2022 og umsögn veiðifélags Árnesinga dags. 30. október 2022.

- Leyfi Minjastofnunar Íslands ef hreyfa þarf við fornleifum, samanber 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.
 - Umsögn Samgöngustofu vegna hæðar mannvirkja og áhrifa á lendingu og flugtak flugvéla við Selfoss og hvort nauðsynlegt sé að merkja nýja brú yfir Ölfusá sérstaklega sem hindrun vegna flugs, sbr. ákvörðun Samgöngustofu nr. 1/2019 um lýsingu og merkingu hindrana. Umsögn Samgöngustofu liggur fyrir í bréfi dags. 2. desember 2022 og hefur stofnunin staðfest að mannvirkid falli ekki undir 7 gr. ákvörðunar Samgöngustofu nr. 1/2019 en að meta þurfi þörf á að birta upplýsingar um brúna á flugkortum.
 - Starfsleyfi Heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna fyrir tímabundinni vinnuáðstöðu sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit (viðauki X).
 - Öll gjöld og kostnaður skulu greidd.
- Allar breytingar á framkvæmd skal tilkynna til sveitarfélaganna og Skipulagsstofnunar. Framkvæmdaleyfi þetta tekur gildi þegar gjöld hafa verið greidd, sbr. 13. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Framkvæmdaraðila ber að hafa framkvæmdaleyfi aðgengilegt á verkstað á framkvæmdatíma. Afrit af framkvæmdaleyfi verður sent til Umhverfisstofnunar sbr. 6. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Sveitarstjórn Flóahrepps fer fram á að hlutaðeigandi jarðareigendum verði grenndarkynnt framkvæmdaleyfið fyrir útgáfu þess og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri ábendingum eða athugasemdum við útgáfu leyfisins og framsetningu þess.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Samkvæmt gildandi gjaldskrá UTU bs. 2023 fyrir leyfisveitingar og þjónustu skipulagsfulltrúa fer framkvæmdaleyfisgjald eftir umfangi framkvæmdar og skal fjárhæð gjaldsins ekki vera hærra en sem nemur kostnaði við undirbúning leyfis og lögbundins eftirlits. Lágmarksgjald framkvæmdaleyfis er kr. 48.211 til viðbótar við afgreiðslugjald skipulagsmála, kr. 25.995 (áður greitt).


Framkvæmdaleyfisgjald samtals er því **74.206 kr.**

Ef umfang eftirlits á framkvæmdatíma reynist vera meira en áætlað er við útgáfu framkvæmdaleyfis áskilur embætti Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. sér rétt til að krefjast viðbótargreiðslu framkvæmdaleyfisgjalds. Upphæð þeirrar viðbótargreiðslu skal nema þeim kostnaði sem embættið ber af vinnu við eftirlit umfram áætlun við útgáfu leyfisins.

Framkvæmdaleyfi þetta fellur úr gildi ef framkvæmdir hafa ekki hafist innan 12 mánaða frá dagsetningu þess.

Tilkynna þarf skipulagsfulltrúa um upphaf framkvæmda og þegar þeim lýkur með því að senda tölvupóst þess efnis á netfangið skipulag@utu.is

Virðingarfyllst,


Vigfus Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

Frá og með 1. september 2022 munu öll bréf frá embættinu sem þarfnast birtingar, eingöngu verða birt í pósthólfi viðkomandi skv. lögum 105/2021 um Stafrænt pósthólf og bréfapóstsendingar lagðar niður.



HRINGVEGUR YFIR ÖLFUSÁ

Greinargerð vegna útgáfu framkvæmdaleyfis

25.04.2023



SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

102866- GRE-001-V02

SKÝRSLUNÚMER / SÍÐUFJÖLDI

12/02

VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUÐA

Rúnar Guðmundsson

Vigfís Þór Hróbjartsson

VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Ásgeir Jónsson

LYKILORÐ

Ölfusárbrú, Hringvegur,
framkvæmdaleyfi, greinargerð

STAÐA SKÝRSLU

- ☐ Í vinnslu
☐ Drög til yfirlstrar
☒ Lokið

DREIFING

- ☒ Opin
☐ Dreifing með leyfi verkkaupa
☐ Trúnaðarmál

TITILL SKÝRSLU

Hringvegur yfir Ölfusá – Greinargerð vegna útgáfu framkvæmdaleyfis

VERKHEITI

Ölfusárbrú -greinargerð vegna framkvæmdaleyfis

VERKKAUÐI

Árborg

Flóahreppur

HÖFUNDUR

Anna Rut Arnardóttir

ÚTDRÁTTUR

Eftirfarandi er greinargerð um afgreiðslu framkvæmdaleyfis sveitarfélagsins Árborgar og Flóahrepps vegna nýs Hringvegar yfir Ölfusá, frá hringtorgi við Biskupstungnabraut að núverandi Hringvegi austan Gaulverjabæjarvegur.

ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Anna Rut Arnardóttir	29.3.23	Snævarr Örn Georgsson	13.4.23	Ásgeir Jónsson	17.04.23

INNGANGUR

Eftirfarandi er greinargerð um afgreiðslu framkvæmdaleyfis Flóahrepps og sveitarfélagsins Árborgar vegna Hringvegar um Ölfusá, frá hringtorgi við Biskupstungnabraut að núverandi Hringvegi austan Gaulverjabæjarvegar. Greinargerðin er unnin í samræmi við 10. og 12. gr. reglugerðar 772/2012 um framkvæmdaleyfi og 3. mgr. 27. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, en þar segir:

„Leyfisveitandi skal taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis þar sem gerð er rökstudd grein fyrir samræmi við niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar. Hafi Skipulagsstofnun sett skilyrði um mótvægisáðgerðir eða vöktun, sbr. 24. gr., skal það koma fram í leyfinu.“

Í reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 segir jafnframt:

„Leyfisveitandi getur bundið framkvæmdaleyfi skilyrðum og skulu þau koma fram í framkvæmdaleyfi. Heimilt er að binda framkvæmdaleyfi skilyrðum:

- 1. um nauðsynlegar mótvægisáðgerðir, vöktun og öryggisráðstafanir til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið, menningarminjar og náttúrufyrirbæri, eða til að tryggja öryggi. Skipulagsskilmálar skulu vera ritaðir í framkvæmdaleyfið;*
- 2. er fram koma í áliti eða ákvörðunum Skipulagsstofnunar eða umsögnum umsagnaraðila vegna málsmeðferðar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, að svo miklu leyti sem aðrir sem veita leyfi til framkvæmda samkvæmt öðrum lögum hafa ekki tekið afstöðu til þeirra.“*

Vegagerðin sótti um framkvæmdaleyfi vegna Hringvegar um Ölfusá með umsókn, dags. 2. febrúar 2023. Eftirfarandi uppdráttir fylgdu umsókninni:

- 01 Afstöðumynd B-101
- 02 Afstöðumynd B-102
- 03 Yfirlitsmynd, brú á Ölfusá
- 04 Yfirlitsmyndir (C-101 til C-106)
- 05 Yfirlitsmyndir (D-101 til D-104)
- 06 Yfirlitsmynd, undirgöng við Einholt
- 07 Yfirlitsmynd, undirgöng við Laugardælaveg
- 08 Yfirlitsmynd, brú yfir Hringveg við Laugardælaveg

Eftirfarandi fylgiskjöl fylgdu umsókninni:

- Útlitsmyndir, lýsing
- Þátttaka veitufyrirtækja í framkvæmdinni, minnisblað 20. desember 2022
- Vöktunaráætlun vegna áflugs fugla, 20. desember 2022
- Hæð brúar, afgreiðsla Samgöngustofu, 2. desember 2022
- Veiðifélag Árnesinga, umsögn 30. október 2022
- Hafrannsóknarstofnun, umsögn 26. október 2022

Erindið verður tekið fyrir af sveitarstjórn Árborgar og sveitarstjórn Flóahrepps. Með vísan til þess er hér með veitt sameiginlegt framkvæmdaleyfi sveitarfélaganna í samræmi við reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Vegagerðin hefur áður sótt um framkvæmdaleyfi vegna hluta framkvæmdarinnar, þ.e. gerð vegfyllinga milli Biskupstungnabrautar og Ölfusár. Var það leyfi afgreitt á 70. fundi skipulags- og bygginganefndar Árborgar 2. júní 2021 og staðfest á fundi bæjarráðs 3. júní 2021.

Gildistími framkvæmdaleyfis er til _____20____.

Framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hefjist framkvæmd ekki innan tólf mánaða frá útgáfu þess. Framkvæmd telst hafin þegar hreyft hefur verið við yfirborði jarðvegs á framkvæmdastað.

UM FRAMKVÆMDINA

Framkvæmdaleyfi tekur til vegagerðar og brúarsmíðar vegna nýs Hringvegar um Ölfusá, frá hringtorgi við Biskupstungnabraut að núverandi Hringvegi austan Gaulverjabæjarvegar. Byggð verður ný brú á Ölfusá um Efri-Laugardælaeyju. Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi með aðskilnaði akstursstefna, fækkun tenginga og færslu þjóðvegaumferðar út fyrir þéttbýli. Hér á eftir er helstu verkþáttum lýst í grófum dráttum.

Vegna útfærslu stíga, vega og vegtenginga eru gerðar breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps. Gert er ráð fyrir óverulegri breytingu aðalskipulags, í samræmi við 2 mgr. 36. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

Hringvegur

Vegkaflinn, frá hringtorgi við Biskupstungnabraut að núverandi Hringvegi austan Gaulverjabæjarvegar, er um 3,7 km langur. Vegurinn verður byggður upp sem fjögurra akreina vegur, en slitlagið lagt sem þriggja akreina vegur með vegriði á milli gagnstæðra akreina eftir framkvæmdir. Við vegamót Gaulverjabæjarvegar verða gerð mislæg gatnamót.

Ný Ölfusárbrú

Byggð verður 330 m löng stagbrú með 59 m háum turn. Brúin verður rúmlega 20 m breið með 3 akreinum, ásamt 3,5 m breiðum göngu- og hjólastíg. Hönnun brúar er þannig að í framtíðinni verði mögulegt að færa göngu- og hjólastíg utan á brúnnar að sunnan verðu, og fjölga akreinum úr þremur í fjórar. Á vesturbakka Ölfusár gert ráð fyrir stígatengingum og að frí hæð undir brú verði 5 m. Á austurbakka Ölfusár er gert ráð fyrir 30 m löngu endahafi með rými fyrir gangandi og hjólandi og frí hæð >3,5 m. Brúin verður lýst hóflega upp.

Við byggingu brúarinnar verður mögulegt að gera bráðabirgðafyllingu út í Ölfusá, í samræmi við uppdrátt sem fylgdi framkvæmaleyfisumsókn og umhverfismat framkvæmdarinnar.

Undirgöng

Gerð verða undirgöng við Einholt fyrir akandi og óvarða vegfarendur. Einnig verða gerð undirgöng fyrir gangandi og hjólandi undir núverandi Laugardælaveg, sem verður göngu- og hjólaleið.

Nýr Laugardælavegur

Byggður verður um 500 m langur nýr Laugardælavegur af Suðurlandsvegi (Þjóðvegi nr. 1), heim að Laugardælum.

Nýr Gaulverjabæjarvegur

Byggður verður nýr 300 m langur Gaulverjabæjarvegur sem tengist núverandi hringtorgi á Austurvegi á Selfossi.

Efnistaka

Efni í framkvæmdina verður sótt í opnar námur á svæðinu sem eru í rekstri og með tilskilin leyfi. Einnig verður efni sem kemur úr skeringum nýtt í og við hlið vegar. Búið er að aka um 70.000 m³ af efni í vegfyllingar milli Biskupstungnabrautar og Ölfusár í samræmi við fyrra framkvæmdaleyfi. Heildarefnismagn úr námum vegna framkvæmdarinnar er áætlað um 270.000 m³.

Eftirfarandi er yfirlit yfir helstu kennistærðir framkvæmdarinnar.

VERKÞÆTTIR	KENNISTÆRÐIR
<i>Hringvegur</i>	
Lengd	3,7 km
Fjöldi akreina	Fjórar en slitlag lagt sem þriggja akreina vegur
<i>Ný Ölfusárbrú</i>	
Gerð	Stagbrú
Lengd	330 m
Hæð frá vegi	59 m
Hæðarkóti í toppi	+80,9 m
Fjöldi akreina	Þrjár, með möguleika á fjórum
Frí hæð undir brú á vesturbakka	5 m
Frí hæð undir brú á austurbakka	>3,5 m
Endahaf brúar á austurbakka	30 m
<i>Nýr Laugardælavegur</i>	
Lengd	500 m
<i>Nýr Gaulverjabæjarvegur</i>	
Lengd	300 m
<i>Efnistaka</i>	
Heildarefnismagn	270.000 m ³

Framkvæmdin skal samræmast samþykktum uppdráttum, lýsingu á framkvæmd og þeim lögum og reglugerðum sem gilda um framkvæmdaleyfi.

Hönnunargögn sem fylgja með framkvæmdaleyfisumsókn Landsvirkjunar uppfylla þær kröfur sem koma fram í reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag Árborgar 2020-2036 en gerð verður breyting á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 vegna færslu á undirgöngum og breytinga vegtengingum og reiðleið, ásamt breytingu á landnotkunarreitur næst mislægum gatnamótum.

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir vegstæðið eða brúarstæðið.

Á þessu stigi liggur ekki fyrir hver eftirlitsaðili framkvæmdarinnar verður.

MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM OG SKILYRÐI

Umhverfismati framkvæmdarinnar lauk með álit Skipulagsstofnunar í júní 2010. Umhverfismatið tekur til tvöföldunar Suðurlandsvegur á 13,6 km kafla frá Hveragerði og austur fyrir Selfoss, ásamt nýjum hliðar- og tengivegum og nýrri Ölfusárbrú. Í matsskýrslu var fjallað um tvo valkosti fyrir veglínu Hringvegarsins, annars vegar veglínu 1 sem þverar Ölfusá við miðja Efri-Laugardælaeyju og hins vegar veglínu 2 sem liggur 400 m norðar og þverar Ölfusá nálægt gamla ferjustað Laugardælaferju. Ástæða þess að veglína 2 var skoðuð var vegna óvissu um grundunaraðstæður á austurbakka Ölfusár, til móts við Efri-Laugardælaeyju. Í álit Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji að sjónræn áhrif veglínu 2 og áhrif á menningarminjar, gróður, fugla og útivist verði neikvæðari en af veglínu 1, en að fyrir ákveðna þætti ríki óvissa um hversu mikil þau kunni að vera. Lengi hafi verið gert ráð fyrir að lega Hringvegarsins fylgdi veglínu 1, og hefur skipulag tekið mið af þeirri legu, t.d. skipulag útivistarsvæðis í Hellisskógi. Veglína 1, sem framkvæmdaleyfi þetta tekur til, hefur því óhjákvæmilega minni áhrif á landnotkun en veglína 2.

Í umhverfismatinu voru einnig til skoðunar tveir valkostir fyrir gerð nýrrar Ölfusárbrúar, annars vegar stagbrú og hins vegar bogabrá. Skipulagsstofnun tók ekki afstöðu til þess í álit sínu hvor kosturinn væri ákjósanlegri m.t.t. umhverfisáhrifa, en að teknu tillit til kostnaðar var stagbrú valin.

Í samræmi við álit Skipulagsstofnunar frá 2010, og fylgigögn sem fylgdu framkvæmdaleyfisumsókn, er framkvæmdaleyfi þetta bundið eftirfarandi skilyrðum:

- Samhliða beiðni um framkvæmdaleyfi skal Vegagerðin leggja fram **áætlun um vöktun umferðarþróunar um Suðurlandsveg**. Í áætluninni skal tryggt að viðkomandi sveitarstjórnnum verði kynntar reglulega niðurstöður vöktunarinnar og gerð grein fyrir því tímanlega hvenær umferð nálgist þau mörk að grípa þurfi til aðgerða til að koma í veg fyrir að hljóðstig fari yfir viðmiðunarmörk reglugerðar um hávaða.
- Samhliða beiðni um framkvæmdaleyfi skal Vegagerðin leggja fram **greinargerð og samninga um það votlendissvæði sem ætlunin er að endurheimta** á móti því sem tapast, helst í nágrenni framkvæmdarinnar.
- Samhliða beiðni um framkvæmdaleyfi skal Vegagerðin leggja fram **vöktunaráætlun, í samráði við fuglafræðinga**, þar sem vakta skal áflug fugla á fyrirhugaða brú yfir Ölfusá. Í áætluninni skal tilgreint í hverju vöktunin fellst og sett skilgreind viðmið um hvenær ástæða þyki til að grípa til mögulegra mótvægisáðgerða í samráði við Umhverfisstofnun.

- Farið skal að tilmælum Fornleifaverndar ríkisins (nú Minjastofnun) að **mótvægisáðgerðum vegna áhrif á menningarminjar** innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis sem tilgreindar eru í álit Skipulagsstofnunar, s.s. varðandi merkingar og rannsóknir.
- **Vegfláar nýrra vega skulu græddir upp** þannig að framkvæmasvæðið falli vel að umhverfinu.
- Við þverun Ölfusá skal verklagi framkvæmda við veglagningu og þeirri frágangstilhögun sem boðuð er í matsskýrslu fylgt, og samráði haft við sérfræðinga á sviði vatnalíffræði til að **lágmarka bæði skammtíma- og langtímaáhrif á vatnalíf**. Farið skal að ráðleggingum sérfræðinga varðandi aðgerðir til að lágmarka áhrif á vatnalíf.

Skilyrði leyfisveitanda

Framkvæmdaleyfi þetta er bundið eftirfarandi skilyrðum:

- Framkvæmdin skal unnin í samræmi við fyrirbyggjandi gögn. Leyfishafa er skylt að óska samþykkis leyfisveitenda fyrir breytingum á framkvæmdinni.
- Leyfishafi skal fylgja gildandi skipulagi við framkvæmdirnar.
- Leyfishafi skal fylgja nauðsynlegum mótvægisáðgerðum og áætlunum um vöktun til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið og til að tryggja öryggi. Sjá samantekt mótvægisáðgerða, vöktunar og frágangs hér að neðan.
- Leyfishafi skal afla annarra nauðsynlegra leyfa fyrir framkvæmdinni:
 - Leyfi Fiskistofu til framkvæmda sem geta haft áhrif á fiskgengd, samanber 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Með umsókn framkvæmdaraðila um leyfi til framkvæmda við ár og vötn skulu fylgja álit viðkomandi veiðifélags þegar það á við og umsögn sérfræðings á sviði veiðimála um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lífríki veiðivatns. Fyrir liggur leyfi Fiskistofu í bréfi dags. 2. febrúar 2023, umsögn Hafrannsóknastofnunar dags. 26. október 2022 og umsögn veiðifélags Árnesinga dags. 30. október 2022.
 - Leyfi Minjastofnunar Íslands ef hreyfa þarf við fornleifum, samanber 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.
 - Umsögn Samgöngustofu vegna hæðar mannvirkja og áhrifa á lendingu og flugtak flugvéla við Selfoss og hvort nauðsynlegt sé að merkja nýja brú yfir Ölfusá sérstaklega sem hindrun vegna flugs, sbr. ákvörðun Samgöngustofu nr. 1/2019 um lýsingu og merkingu hindrana. Umsögn Samgöngustofu liggur fyrir í bréfi dags. 2. desember 2022 og hefur stofnunin staðfest að mannvirkið falli ekki undir 7 gr. ákvörðunar Samgöngustofu nr. 1/2019 en að meta þurfi þörf á að birta upplýsingar um brúna á flugkortum.
 - Starfsleyfi Heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna fyrir tímabundinni vinnuaðstöðu sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit (viðauki X).
- Öll gjöld og kostnaður skulu greidd.

Allar breytingar á framkvæmd skal tilkynna til sveitarfélaganna og Skipulagsstofnunar.

Framkvæmdaleyfi þetta tekur gildi þegar gjöld hafa verið greidd, sbr. 13. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Framkvæmdaraðila ber að hafa framkvæmdaleyfi aðgengilegt á verkstað á framkvæmdatíma.

Afrit af framkvæmdaleyfi verður sent til Umhverfisstofnunar sbr. 6. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Mótvægisaðgerðir

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir mótvægisaðgerðir sem ráðast þarf í til að bregðast við þeim skilyrðum sem sett hafa verið í umhverfismatsferli framkvæmdarinnar og fyrirbyggjandi leyfum.

Umhverfispáttur	Mótvægisaðgerðir	Tímasetning	Ábyrgð
Fornminjar	Grafa skal könnunarskurði á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum við Ríma til að athuga hvort að þar leynist fornleifar, sbr. umsögn Fornleifaverndar ríkisins (nú Minjastofnun) úr umhverfismatsferli framkvæmdarinnar. Minjar bæjarins Ríma skulu merktar til að minnka líkur á því að þær verði fyrir skemmdum vegna vinnuvéla á meðan á framkvæmdum stendur og skulu viðeigandi upplýsingar koma fram í útboðsgögnum. Rannsaka skal rústina í Efri-Laugardælaeyju með fornleifauppgreiftri, sbr. umsögn Fornleifaverndar ríkisins (nú Minjastofnun) úr umhverfismatsferli framkvæmdarinnar. Í samræmi við lög um menningarminjar nr. 80/2012 skal sækja um leyfi Minjastofnunar þar sem fornleifar raskast eða þar sem hætta er á raski vegna framkvæmdanna.	Undirbúningstími og framkvæmdatími	Vegagerðin
Landslag og ásýnd	Vegfláar skulu græddir upp þannig að framkvæmasvæðið falli vel að umhverfinu.	Framkvæmda- og rekstrartími	Vegagerðin
Votlendi	Endurheimta skal votlendi, helst í nágrenni framkvæmdarinnar.	Framkvæmda- og rekstrartími	Vegagerðin
Vatnalíf	Samráð skal haft við sérfræðinga á sviði vatnalíffræði um tilhögun framkvæmda í og við Ölfusá sem truflað geta hrygningar og göngu fiska eða seiða í ánni. Fyrir liggur umsögn Hafrannsóknarstofnunar og Veiðifélags Árnesinga. Tryggt skal að olía, bensín, steypa og önnur skaðleg efni berist ekki í árnar á meðan á framkvæmdum stendur og skulu öll áhöld og vélar sem notuð eru í Ölfusá eða nágrenni við ána hreinsuð áður en þau eru notuð.	Undirbúningstími og framkvæmdatími	Vegagerðin

Við framkvæmdir skal leitast við að hafa sem minnst áhrif á vatn Ölfusár, svo sem grugga það upp að óþörfu eða breyta hitastigi þess.

Ef vart verður við dauðan eða deyjandi fisk nálægt framkvæmdastað skal strax hafa samband við Hafrannsóknarstofnun.

Í samræmi við leyfi Fiskistofu og umsögn Hafrannsóknarstofnunar er lagt til að byrjað verði á því að byggja bogalaga varnargarð og síðan verði gerð vegfylling neðan hans. Með því móti gætu seiði forðað sér áður en vatn færi að uppeldissvæðum.

Skal þess gætt að framkvæmdir sem hafi áhrif á Ölfusá verði ekki á veiðitíma, sé þess kostur. Samráð skal haft við landeigendur sem stunda stangveiði fyrir neðan framkvæmdasvæðið.

Vöktun

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir þá þætti umhverfisins sem þarf að vakta til að bregðast við þeim skilyrðum sem sett hafa verið í umhverfismatsferli framkvæmdarinnar og fyrirbyggjandi leyfum.

UMHVERFISÞÁTTUR	Vöktun	Tímasetning	Ábyrgð
Umferð	Vakta skal umferðarþróunar um Suðurlandsveg og tryggja að viðkomandi sveitarstjórnnum verði kynntar reglulega niðurstöður vöktunarinnar og gerð grein fyrir því tímanlega hvenær umferð nálgist þau mörk að grípa þurfi til aðgerða til að koma í veg fyrir að hljóðstig fari yfir viðmiðunarmörk reglugerðar um hávaða.	Rekstrartími	Vegagerðin
Fuglar	Vakta skal áflug fugla á fyrirhugaða brú yfir Ölfusá í samráði við fuglafræðinga. Í vöktunaráætluninni skal tilgreint í hverju vöktunin fellst og sett skilgreind viðmið um hvenær ástæða þyki til að grípa til mögulegra mótvægisáðgerða í samráði við Umhverfisstofnun. Vöktunaráætlun liggur fyrir.	Undirbúningstími, framkvæmdatíma og rekstrartími	Vegagerðin að höfðu samráði við Umhverfisstofnun
Fornleifar	Eftirlit skal haft með fornleifum á verktíma.	Framkvæmdatíma	Vegagerðin

FRÁGANGUR

Frágangur að loknum byggingartíma Ölfusárbrúar

Til að komast út í Efri Laugardælaeyju þarf að gera um 80 m langa bráðabirgðauppfyllingu frá austurbakka Ölfusár og þaðan um 40 m langa brú út í eyjuna, auk bogalaga varnargarðs ofan uppfyllingar. Allar bráðabirgðafyllingar skulu fjarlægðar úr farvegi Ölfusár um leið og þeirra verður ekki lengur þörf við framkvæmdir.

Frágangur vegfláa

Vegfláar og önnur áhrifasvæði framkvæmdarinnar skulu grædd upp þannig að framkvæmasvæðið falli vel að umhverfinu.

Fiskistofa veitir leyfi vegna framkvæmda við veiðivötn, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Fiskistofa hefur þegar tekið til meðferðar og veitt leyfi vegna nýs hringvegar um Ölfusá, dags. 2. febrúar 2023 (Tilv. 2022-11-01-2338). Fiskistofa vísar til umrædds leyfis og hefur ekki athugasemdir vegna grendarkynningar um málið sem nú stendur yfir.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið
Suðurgata 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 00
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi
Dalbraut 12
801 Selfoss

Reykjavík, 26. júní 2023
MÍ202306-0143/ 6.10 / K.M.

Efni: Laugardællur L166253; Nýr hringvegur um Ölfusá; Framkvæmdaleyfi.

Minjastofnun Íslands hefur borist ósk um umsögn um framkvæmdaleyfi vegna ofangreindrar framkvæmdar.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Um er að ræða leyfi vegna nýs hringvegar um Ölfusá frá hringtorgi við Biskupstungnabraut að núverandi hringvegi austan Gaulverjabæjarvegar. Vegkaflinn er um 3,7 km langur og á honum verður byggð ný 330 m löng brú á Ölfusá um Efri-Laugardælaeyju.

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að framkvæmdin hefur farið í mat á umhverfisáhrifum sem lauk með álit Skipulagsstofnunar í júní 2010. Í matsskýrslu var fjallað um tvo valkosti fyrir veglínu Hringvegarsins, annars vegar veglínu 1 sem þverar Ölfusá við miðja Efri-Laugardælaeyju og hins vegar veglínu 2 sem liggur 400 m norðar og þverar Ölfusá nálægt gamla ferjustað Laugardælaferju. Framkvæmdaleyfið sem óskað er eftir tekur til veglínu 1.

Fornleifavernd ríkisins (forveri Minjastofnunar Íslands) veitti umsögn um mat á umhverfisáhrifum tvöföldunar Suðurlandsvegar frá Hveragerði og austur fyrir Selfoss með bréfi til Skipulagsstofnunar dags. 08.01.2010. Í bréfinu kom fram að engar fornleifar fundust á áhrifasvæði veglínu 1 á kaflanum frá Kögunarhól að Ölfusá. Í umsögninni er fjallað um fornleifar á og við veglínu 1 austan Ölfusár. Þar segir:

Taka þarf tillit til eftirtalinna fornleifa við veglínu 1 á þessum kafla, skáletraður texti er úr fornleifaskráningarskýrslu:

Rúst (4:1) í landi Laugardæla. *Efst á eyju (Efri Laugardælaeyju), aðeins austan við miðju eyjarinnar. Í kjarrlendi. Rúst. Rústin er um 8 - 10 m í þvermál og 0,1 - 0,3 m há. Í miðjunni er klettur sem stendur nokkuð upp úr rústinni. Hann er um 2,5 m í þvermál og 0,7 m hár. Ekki er hægt að ákvarða nákvæmlega hvernig rústin hefur litið út, en*

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnvöldum og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnvöldslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðili var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

ýmislegt bendir til þess að kofi hafi staðinn norðan í lágum kletti og um hana hafi verið lítið gerði. Rústin er vel gróin. Suðvestan í rústinni vex birki. Engjasláttur mun hafa verið stundaður í eygni áður fyrr (Jón Gíslason 1973:114). Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir að Laugardælir hafi haft dúntekju í einum hólmanni í Ölfusá (1918-1921:120). Rústin er í veglínunni og mun því raskast verði þessi veglína fyrir valinu. Fornleifavernd ríkisins telur að rannsaka þurfi rústina með fornleifauppgreftri.

Rimi/Rimakot? (3:1) í landi Laugardæla. Um 150 m N við hringveginn í þýfðri mýri. Rústir, gata og vatnsból.

1) Rúst.

Um 20 m í þvermál og 1 m há. Veggir úr torfi og grjóti. Ekki er hægt að greina nein örugg form á rústinni, en þó eru vísbendingar um 2 – 3 hólf. Rústin er afar þýfð og vel gróin mosa og grasi.

Um 10 m suður af rúst 1) er:

2) Rúst.

5 - 6 í þvermál og 0,5 m há. Veggir úr torfi (og grjóti?). Nánara form ekki greinanlegt. Rústin er þýfð og vel gróin mosa og grasi.

Um 20 m SSV af rúst 1) er:

3) Vatnsból.

Um 2 x 5 m að stærð. Botn þess var gróin við skoðun.

4) Gata.

Að rúst 1 liggur gata úr austri og heldur svo áfram til veturs handan rústarinnar. Gatan er um 1,5 - 2 m á breidd og 0,2 - 0,3 m djúp.

Fleiri rústir kunna að leynast á svæðinu. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir svo: „Ríme, fimta hjáleiga, nú í auðn í 19 ár. Bygðist 5 eður 6 ár.“ Og áfram segir: „Var bygðin í fyrstu gjörð til að verja peningum annara manna yfirgáng engja, sem hjáleigan var sett í.“ (1918-1921:122). Í Sýslu- og sóknarlýsingum kemur fram heitið Rimakot sem ekki hafi verið byggt í manna minnum (1979:73). Þetta var upphaflega skrifað árið 1841. Í Örnefnaskrá segir að svæðið sem gengur suður af Laugardælatúni og niður undir þjóðveg og fyrir austan Moshólsmýri heiti Rimar (Örnefnaskrá, bls. 2). Fyrirhugaðar framkvæmdir munu ekki raska þeim rústum sem skráðar hafa verið og taldar eru tilheyra hjáleigunni Rima. Í frummatsskýrslu segir að minjarnar verði merktar á meðan á framkvæmdum stendur. Fornleifavernd ríkisins telur það nauðsynlega mótvægisáðgerð. Eins og fram kemur í textanum úr fornleifaskráningarskýrslu hér að ofan telur skrásetjari að fleiri rústir kunni að leynast á svæðinu. Að mati Fornleifaverndar ríkisins er nauðsynlegt að grípa til ráðstafana vegna þessa. Tvær leiðir koma til greina í því sambandi. Annars vegar að fornleifafræðingur verði fenginn til að fylgjast með framkvæmdum á svæðinu. Ef fornleifar koma í ljós þarf þá að stöðva framkvæmdir og taka afstöðu til hvers konar rannsókna er þörf á fornleifunum og framkvæma þær. Þetta gæti valdið nokkrum töfum á framkvæmdunum. Hins vegar er hægt að grafa könnunarskurði á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og ganga þannig úr skugga um hvort þar leynast fornleifar. Ef fornleifar finnast við slíka athugun þarf á sama hátt að

taka afstöðu til hvers konar rannsókna er þörf á fornleifunum og framkvæma þær. Rannsóknunum væri hægt að ljúka áður en framkvæmdir við vegagerðina hefjast.

Í töflu á bls. 9 í greinargerð vegna útgáfu framkvæmdaleyfis Hringveggar yfir Ölfusá er fjallað um mótvægisáðgerðir sem grípa þarf til vegna fornleifa á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Þar segir að grafa þurfi könnunarskurði á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði við Ríma til að athuga hvort þar leynist fornleifar. Merkja þurfi minjar bæjarins Ríma á meðan á framkvæmdum stendur og að rannsaka skuli rústina í Efri-Laugardælaeyju með fornleifauppgrefti. Allt er þetta í samræmi við kröfur Fornleifaverndar ríkisins frá árinu 2010.

Árið 2020 rannsakaði Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur fornleifa í Efri-Laugardælaeyju. Rannsókuð var rúst (4:1) á norðanverðri eyjunni. Auk rústarinnar voru grafnir könnunarskurðir í garð sem þverar eyjuna og garð á sunnanverðri eyjunni. Í ljós kom að rústin er leifar refagildru. Garðurinn sem þverar eyjuna er talin vera ungur og meintur garður á sunnanverðri eyjunni reyndist vera náttúrusmíð. Minjastofnun Íslands telur rannsóknina fullnægjandi mótvægisáðgerð vegna minja í Efri-Laugardælaeyju.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við að framkvæmdaleyfi verði gefið út vegna nýs Hringveggar um Ölfusá að því gefnu að gengið verði á kröfum um mótvægisáðgerðir vegna fornleifa sem fram koma hér að ofan og eftir á að uppfylla.

Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
f.h. Flóahrepps
Dalbraut 12
840 LAUGARVATN

Garðabær, 26. júní 2023
Málsnúmer: 202305-0058
SS

Efni: Umsögn um framkvæmdarleyfi vegna nýs hringvegar um Ölfusá.

Við er í tölvubréf frá Skipulagsgátt fyrir hönd Flóahrepps, dags. 25. maí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Vegagerðarinnar fyrir framkvæmdarleyfi vegna nýs hringvegar um Ölfusá.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með umsókn Vegagerðarinnar en framkvæmdaleyfið tekur til vegagerðar og brúarsmíðar frá gatnamótum Hringvegar og Biskupstungnabrautar, yfir Ölfusá að Hringvegi austan Gaulverjabæjarvegar. Ný brú verður byggð á Ölfusá um Efri-Laugarðælaeyju. Vegurinn er um 3,7 km langur og verður fjögurra akreina vegur. Mislæg gatnamót verða byggð við vegamót Gaulverjabæjarvegar. Ný Ölfursárbrú verður 330 m löng stagbrú með 59 m háum turn. Því er um töluvert umfangsmikla framkvæmd að ræða og áhrifasvæði hennar allstórt.

Umhverfismati framkvæmdarinnar lauk árið 2010. Náttúrufræðistofnun Íslands var ekki umsagnaraðili fyrir umhverfismatið og hefur því ekki áður veitt álit sitt um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eða nauðsynlegar mótvægisáðgerðir. Eins og niðurstaða umhverfismatsins ber með sér og sjá má í töflu 6.1 í frummatsskýrslunni, verða talsvert neikvæð áhrif af framkvæmdinni, einkum á gróður, fuglalíf og landslag. Mótvægisáðgerðir skipta því höfuðmáli til að bæta upp þessi neikvæðu áhrif.

Í álini Skipulagsstofnunar frá 2010 um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar voru ákveðin skilyrði bundin væntanlegu framkvæmdaleyfi, sem eiga þá við útgáfu framkvæmdaleyfisins í dag. Þar má nefna sérstök áætlun um vöktun á áflugi fugla á fyrirhugaða brú yfir Ölfusá. Vöktunaráætlunin fylgdi ekki með upphaflegu gögnunum með umsagnarbeiðninni en Náttúrufræðistofnun hefur fengið hana senda og telur að áætlunin sé ítarleg og að sú vöktun sem þar er lögð til ætti að gefa góða almenna mynd um ferðir fugla um brúarsvæðið. Þó vekur það upp spurningar að vöktunin er fyrst og fremst framkvæmd í góðum birtuskilyrðum, bæði talningar og myndataka. Hætta á áflugi er ekki síst minni í rökkri eða myrkri og tryggja verður að áhættumatið taki tillit til þess með einhverju móti. Þá verður að leggja mat á hvort þörf sé á mótvægisáðgerðum ef áflugshætta er metin mikil og slíkar áðgerðir skoðaðar vandlega.

Einnig var sett skilyrði um að endurheimt votlendis yrði framkvæmd sem mótvægi við því sem tapast við framkvæmdina sem er töluvert, sérstaklega vestan megin Ölfusár. Náttúrufræðistofnun hefur ekki séð greinargerð og samninga um þau votlendissvæði sem ætlun er að endurheimta en þau gögn fylgdu ekki með umsagnarbeiðninni og ekki minnst á þau sem fylgiskjöl. Afar mikilvægt er að þetta skilyrði sé uppfyllt og Náttúrufræðistofnun er tilbúin að veita ráðgjöf um val svæða fyrir endurheimt votlendis ef þess er óskað. Til dæmis væri áhugavert að skoða samlegð um slíka endurheimt við verndun votlendis í tengslum við C-hluta náttúru-minjaskrá eða önnur verndarsvæði.



Þá var sett skilyrði um að við verklag framkvæmda og frágangstillhögun sem boðuð var í matsskýrslu, skyldi samráð haft við sérfræðinga á sviði vatnalíffræði til að lágmarka bæði skammtíma- og langtímaáhrif á vatnalíf. Þetta er jákvætt og mikilvægt skilyrði að mati Náttúrufræðistofnunar og mikilvægt að benda á að áhrif á vatnalíf hefur einnig afleiðingar fyrir fuglalíf svæðisins þar sem margar fuglategundir sækja í Ölfusá sem fæðuöflunarsvæði, varpsvæði og farsvæði.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir aðrar en þær að almennt sé tryggt að við alla framkvæmdaþætti sé hugað að því að valda sem minnstu óþarfa raski, að frágangur sé góður og að reynt sé að trufla lífríki sem minnst á framkvæmdatíma.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



Umsögn Samgöngustofu - Laugardællur L166253, nýr hringvegur um Ölfusá, framkvæmdaleyfi

Til : Skipulag <skipulag@utu.is>
Frá : Edda Doris Meyer - SGS <edda.d.meyer@samgongustofa.is>
CC : Jón Hjalti Ásmundsson - SGS <jon.h.asmundsson@samgongustofa.is>; Sigrún Henríetta Kristjánsdóttir - SGS <Sigrun.H.Kristjansdottir@samgongustofa.is>
Heiti : Umsögn Samgöngustofu - Laugardællur L166253, nýr hringvegur um Ölfusá, framkvæmdaleyfi
Málsnúmer : 2302007
Málsaðili : Vegagerðin
Skráð dags : 18.07.2023 00:00:00
Höfundur : Edda Doris Meyer - SGS <edda.d.meyer@samgongustofa.is>
Viðhengi [image001.png](#)

Góðan dag.

Samgöngustofa hefur engar frekari athugasemdir en bendir á að kallað verður eftir rýnigögnum frá vegagerðinni þegar umferðaröryggisrýni hefur verið framkvæmd.

Með kveðju / Best regards,

Edda Doris Meyer - SGS

Eftirlitsmaður / Inspector Road Infrastructure



Icelandic Transport Authority
Ármúli 2, 108 Reykjavík Iceland

Sími / Phone +354 480 6000

www.samgongustofa.is / www.icetra.is

Verndum umhverfið, prentum sem minnst

[Fyrirvari við tölvupóst - email disclaimer](#)